

Ljósleiðarasæstrengur frá Íslandi til Írlands

Sveitarfélagið Ölfus

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 31. ágúst 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Farice ehf. um fyrirhugaða lagningu ljósleiðarasæstrengs frá Íslandi til Írlands, Sveitarfélaginu Ölfusi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.16 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Minjastofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar, Orkustofnunar, Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu og Fjarskiptastofu.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning ljósleiðarasæstrengs, frá Íslandi til Írlands. Farice ehf.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Sveitarfélaginu Ölfusi 20. október 2021, Minjastofnun Íslands 5. október 2021, Hafrannsóknastofnun 6. október 2021, Orkustofnun 27. október 2021, Vegagerðinni 24. september 2021, Umhverfisstofnun 14. október 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands 21. október 2021, Samgöngustofu 19. október 2021 og Fjarskiptastofu 21. október 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 29. október 2021.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu ljósleiðarasæstrengs frá Íslandi til Írlands og hefur strengurinn fengið nafnið IRIS. Markmið framkvæmdarinnar er að auka fjarskiptaöryggi Íslands. Strengurinn verður með flutningsgetu sem nemur 108 Tb/s og útbúinn 6 ljósleiðarpörum. Fyrirhugað er að taka strenginn í land í Hafnarvík í Ölfusi, um 3 km frá þéttbýli Þorlákshafnar. Þar mun hann liggja í eða við vegslóða sem liggur meðfarm ströndinni, en þar er nú þegar jarðstrengur Selfosslínu 3, að 60-100 m² endastöð sem fyrirhuguð er við Óseyrarbraut í Þorlákshöfn. Á landi verður strengurinn plægður eða grafinn niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi, um 3-3,5 km leið og áætlað framkvæmdaraðili að heildarumfang raskaðs svæðis á landi verði um 900-10.500 m². Gengið verði frá yfirborði í sama horf og áður var.

Næst landi, þar sem dýpi sjávar er minna en 15 m, er ekki unnt að nota kapalskip og strengurinn því grafinn niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi og er verkið framkvæmt af köfurum sem nota til þess kraftmiklar vatnsbyssur, skurðurinn lokast svo sjálfkrafa, mishratt eftir setgerð og sjávarstraumum.

Á grunnsævi (landgrunni) verður strengurinn lagður með kapalskipi. Byrjað er á því að draga slæðingartæki yfir fyrirhugaða leið til þess að hreinsa botninn af brotum og rusli, slæðingarfarið verður innan við einn metri á breidd. Gert er ráð fyrir að plægja strenginn á dýpi undir 1500 m en á meira dýpi verður strengur lagður á botninn. Ólíklegt er að þörf verði á efni fyrir framkvæmdina þar sem núverandi vegir og slóðar verði nýttir fyrir aðkomu og landtökulöð. Áætlaður



framkvæmdartími er 6-8 vikur. Farice hefur haft samráð við Pál Einarsson doktor í jarðeðlisfræði og Kjartan Thors jarðfræðing vegna staðarvals.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Farice ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Jarðmyndanir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að landtökustaðurinn einkennist af dyngjuhrauni samkvæmt jarðfræðikorti ÍSOR. Fjaran þar sem fyrirhugað er að taka strenginn í land einkennist af miklum setlögum og setflutningi. Lóð fyrir endastöð strengjarins liggja að hluta til innan marka nútímahrauns sem er verndað samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Svæðið sé nokkuð raskað en um það liggja ýmsir vegslóðar sem verða nýttir á framkvæmdatíma til að takmarka rask á jarðmyndunum. Auk þess er á svæðinu jarðstrengur og ýmis mannvirki.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að sá hluti framkvæmdarsvæðisins sem verður á dyngjuhrauni sem nýtur sérstakrar verndar sé svæði sem er mikið raskað og því ekki með hátt verndargildi. Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin eins og henni er lýst í tilkynningarskýrslu muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að lóð endastöðvarinnar sem er staðsett innan marka nútímahrauns búi yfir litlu verndargildi og að núverandi slóðar verði nýttir og fyllstu varkárni verði getið svo nútímahraun verði fyrir sem minnstu raski. Varðandi valkosti þá var skoðað að taka strenginn í land á Reykjanesi en vegna gosvirkni þar var fallið frá þeim valkosti.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að tryggja þurfi að náttúrulegar varnir fjörunnar, þ.e. fjörुकambur, skemmist ekki á framkvæmdatíma þar sem strengurinn kemur í land og þverar hann. Framkvæmdaraðili svara því að gætt verði að verndun fjörुकambarsins og að fyrirhugað sé að bora undir sandölduna. Vegagerðin telur að heildar umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar séu ekki umtalsverð og því sé hún ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Vistkerfi

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að gróðurfar í landi á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði einkennist af alaskalúpínu, mosahraunavist, eyðihraunavist og lynchraunavist. Fjaran, þar sem strengurinn er tekinn í land, sé flokkuð sem líflítill, brimsöm sandfjara samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Áhrifa sé helst að gæta á framkvæmdartíma en eftir plæginguna verði skurðinum lokað og gengið frá yfirborði í sama horf.

Rannsóknir sýni að lagning strengja eftir sjávarbotni hafi almennt engin áhrif á lífríki í sjó.¹ Áhrif framkvæmdarinnar á lífríki í sjó séu því metin óveruleg á framkvæmdatíma vegna rasks en engin á rekstartíma. Á svæðinu sé töluvert fuglalíf og er friðland fugla í Flóa í um 8 km fjarlægð frá

¹ C. Kraus og L. Carter, „Seabed recovery following protective burial of subsea cables - Observations from the continental margin“, *Ocean Eng.*, b. 157, bls. 251–261, 2018.



framkvæmdarsvæðinu. Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf muni helst gæta á framkvæmdartíma en framkvæmdaraðili muni forðast framkvæmdir á varptíma.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að framkvæmdin hafi mjög lítil áhrif á lífríki í sjó. Stofnunin telur að framkvæmdin gæti hugsanlega haft einhver áhrif á fuglavarp meðfram sandöldunni á framkvæmdartíma en það eru varla mikil áhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sunnan við Þorlákshöfn sé þekkt fyrir að vera mikilvægt hrygningarsvæði þorsks og telur æskilegt að leitað verði álits Hafrannsóknarstofnunar. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við erindið en bendir á að fara skal varlega við framkvæmdirnar til þess að búsvæði á hafsbotni verði fyrir sem minnstu raski. Framkvæmdaraðili svarar því að gætt verði ýtrustu varúðar á framkvæmdatíma svo búsvæði á hafsbotni verði fyrir sem minnstu raski.

Í umsögn Orkustofnunar er einnig minnst á hrygningarsvæðið en auk þess nefna þeir að framkvæmdin takmarki efnistöku af hafsbotni á helgunarsvæði strengsins, hins vegar hefur stofnunin ekki gefið út leyfi til hagnýtingar hafsbotnsins á áformuðu lagnasvæði og telur stofnunin ekki ástæðu til að gera athugasemd við þetta atriði á þessu stigi og tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Meningarminjar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að engar friðlýstar forleifar sé að finna nálægt fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og áhrif á menningarminjar því metin engin, bæði á framkvæmdar- og rekstartíma.

Minjastofnun Íslands telur að fornleifum á landi ætti ekki að stafa hættu af lagningu strengsins en bendir á að ekki liggi fyrir upplýsingar um fornleifar á hafsbotni þar sem áætlað er að strengurinn liggi og minnir á 24. gr. laga um menningarminjar. Minjastofnun telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ásýnd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að lóðin þar sem fyrirhugað er að byggja endastöðina sé á svæði sem er mjög raskað og fyrirhuguð sé uppbygging ýmissa hafnarmannvirkja. Áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og landslag því metin óveruleg.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni séu hverfandi/óveruleg og mögulegt sé að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum og telur framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Útivist og upplifun

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fjaran þar sem fyrirhugað er að taka strenginn í land sé vinsæl fyrir ýmiss konar útivist, s.s. hestreiða og brimbrettaiðkunar. Áhrif framkvæmdarinnar séu einkum á framkvæmdatíma en áhrifin séu metin óveruleg bæði á framkvæmdar- og rekstartíma.

Veiðar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að leiðarval út af landgrunninu hafi verið unnið í samráði við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi með það að markmiði að trufla veiðar sem minnst.

Í umsögn Samgöngustofu segir að stofnunin hafi leitað álits Landssambands smábátaeigenda. Í umsögn samtakanna kemur fram að strengurinn muni liggja á veiðisvæði línubáta, netabáta, grásleppubáta og snurvoðabáta (auk handfærabáta). Vilji samtökin af þeim sökum mótmæla



lagningu sæstrengsins í Hraunsvík þar sem lega strengsins á svæðinu muni takmarka veiðar á u.þ.b. 800 metra breiðu beltí.

Náttúruvá

Helsta hættu sem steðjar af framkvæmdinni er vegna flóða. Í aðalskipulagi Ölfus er áformað að styrkja sjóvarnargarða vegna landbrots af völdum sjávargangs og mögulegra flóða.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfus 2010-2022. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2010 – 2022. Sveitarfélagið Ölfus hefur þegar samþykkt að unnið verði deiliskipulag fyrir lóð þar sem endastöðin er fyrirhuguð.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig samþykkis Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda og Samgöngustofu samkvæmt lögum um vitamál.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu ljósleiðarasæstrengs frá Íslandi til Írlands. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.16 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd felur ekki í sér mikla mannvirkjagerð og mun hafa takmörkuð eða engin áhrif á menningarminjar, ásýnd og landslag. Lóðin þar sem uppbygging endastöðvar er fyrirhuguð er í hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Svæðið er hins vegar nú þegar mikið raskað og hefur, með vísan til umsagnar Náttúrufræðistofnunar, takmarkað verndargildi. Að öðru leyti mun strengurinn liggja um svæði sem þegar er raskað þar sem hann mun liggja samsíða Selfosslínu 3 og í og við núverandi vegslóða. Einhver truflun gæti verið á fuglalíf á framkvæmdatíma en framkvæmdaraðili mun forðast framkvæmdir á varptíma.

Helstu áhrif eru á framkvæmdartíma en eftir að framkvæmdinni líkur verður lítilla áhrifa að gæta og ætti yfirborðið að færast í samt horf aftur. Helstu varanlegu áhrif framkvæmdar eru takmarkanir á veiðum en skv. 5. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er óheimilt að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botni eða dregin eftir honum innan við um 400 m frá fjarskiptastreng.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. desember 2021.

Reykjavík, 10. nóvember 2021

Egill Þórarinsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir